

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 14. FUNDUR – 13. september 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 14. fundar þriðjudaginn 13. september 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía Garðarsdóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir:

- a) Bæjarráð frá 19. ágúst 2011
- b) Bæjarráð frá 23. ágúst 2011
- c) Landbúnaðarnefnd frá 23. ágúst 2011
- d) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 6. september 2011

#### 2. Kosningar

### Afgreiðslur:

#### 1. Fundargerðir:

- a) Bæjarráð frá 19. ágúst 2011

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun varðandi 5. lið fundargerðarinnar.

#### Endurauglýsing deiliskipulags á Sölvabakka-urðun og efnistaka.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að deiliskipulagi fyrir Sölvabakka verði endurauglýst skv. nýjum skipulagslögum (nr.123/2010) vegna formgalla við fyrri afgreiðslu, sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 14.mái 2010 og 29. sept. 2010. Deiliskipulagsgögn hafa verið lagfærð m.t.t. umsagna Skipulagsstofnunar. Þar sem um endurauglýsingu er að ræða er ekki þörf á að kynna lýsingu, né halda kynningarfund, skv. 40. gr. laganna. Við fyrri auglýsingu deiliskipulagsins lá fyrir umsögn frá Fornleifavernd ríkisins þar sem ekki var gerð athugasemd við deiliskipulagið. Deiliskipulagið og umhverfisskýrsla verður send Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og Umhverfisstofnun til umsagnar samhliða auglýsingunni.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er hér með falið að ganga frá gögnum og endurauglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunar- og efnistökusvæði við Sölvabakka. Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

**b) Bæjarráð frá 23. ágúst 2011**

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

**c) Landbúnaðarnefnd frá 23. ágúst 2011**

Fundargerðin er í 1. lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

**d) Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 6. september 2011**

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi umræðu um 6. lið fundargerðarinnar viku Ágúst Þór Bragason af fundi. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

## **2. Kosningar**

### **Fræðslunefnd:**

---

*Varamaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur*

**Rannveig Lena Gísladóttir**

### **Skipulags, byggingar og veitunefnd:**

---

*Aðalmaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur*

**Heiðrún Bjarkadóttir**

*Varamaður í stað Heiðrúnar Bjarkadóttur:*

**Zophonías Ari Lárusson**

### **Æskulýðs- og tómsbundanefnd:**

---

*Aðalmaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur*

**Anna Margrét Sigurðardóttir**

*Varamaður í stað Önnu Margrétar Sigurðardóttur:*

Rannveig Lena Gísladóttir

**Jafnréttisnefnd:**

Varamaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur

Ragnheiður Ólafsdóttir

**Fulltrúi í fulltrúaráð EBÍ:**

Varamaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur

Heiðrún Bjarkadóttir

**Stjórn bs um Brunavarnir A-Hún.**

Aðalmaður í stað Jóns Aðalsteins Sæbjörnssonar

Arnar Þór Sævarsson

**Stjórn sjálfseignarst. um Heimilisiðnaðarsafnið.**

Varamaður í stað Valgerðar Soffíu Gísladóttur

Anna Margrét Sigurðardóttir

Breytingar þessar bornar upp í einu lagi og samþykktar með 7 atkv. samhlj.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Stefanía Garðarsdóttir, ritari (sign.)

Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)